

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 – 1994

1. júlí 1994

1177

Nr. 374

REGLUGERÐ

um skipan Rannsóknarráðs Íslands.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar níu aðalmenn og jafnmarga varamenn til setu í Rannsóknarráði Íslands til þriggja ára í senn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a) Þrír aðalmenn og þrír varamenn eru skipaðir úr hópi er tilnefna skal þannig:

1. Sex tilnefndir af Háskóla Íslands.
2. Einn tilnefndur af Háskólanum á Akureyri.
3. Einn tilnefndur af Kennaraháskóla Íslands.
4. Einn tilnefndur í sameiningu af Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni, Listasafni Íslands, Stofnun Árna Magnússonar, Þjóðminjasafni Íslands og Þjóðskjalasafni Íslands.
5. Einn tilnefndur af Vísindafélagi Íslendinga.

Menntamálaráðherra leitar eftir tilnefningum samkvæmt liðum 1-5, hér að ofan. Skal tilnefning samkvæmt fjórða lið ákveðin á fundi sem menntamálaráðherra boðar og skal kveðja þangað einn fulltrúa frá hverri stofnun.

b) Þrír aðalmenn og þrír varamenn eru skipaðir úr hópi er tilnefna skal þannig:

1. Sjö eru tilnefndir af rannsóknastofnunum atvinnuveganna og annarra rannsóknarstofnana utan verkswiðs menntamálaráðuneytis. Tilnefning þeirra skal ákveðin á fundi sem menntamálaráðherra boðar og skal kveðja þangað fulltrúa einn frá hverri eftirtalinna stofnana:

Hafrannsóknastofnun,
Iðntæknistofnun Íslands,
Náttúrufræðistofnun Íslands,
Orkustofnun,
Rannsóknastofnun byggðingaiðnaðarins,
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,
Rannsóknastofnun landbúnaðarins,
Skógrækt ríkisins,
Veðurstofu Íslands,
Veiðimálastofnun.

2. Einn skal tilnefndur af hvorum eftirtalinna aðila:

Læknaráði Landspítalans,

Læknaráði Borgarspítalans.

Menntamálaráðherra leitar eftir þessum tilnefningum.

c) Þrír aðalmenn og þrír varamenn tilnefndir af ríkisstjórn samkvæmt tillögu menntamálaráðherra.

Við tilnefningu til setu í Rannsóknarráði Íslands skal velja einstaklinga, sem hafa þekkingu á vísindalegum rannsóknum, yfirsýn yfir rannsóknir í landinu og eru hæfir til þess að taka virkan þátt í mótun og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu. Þeir sem skipaðir eru til setu í Rannsóknarráði Íslands eru ekki fulltrúar þeirra stofnana er tilnefna þá heldur fulltrúar vísinda- og tæknisamfélagsins alls.

Við val einstaklinga til setu í Rannsóknarráði Íslands ber ráðherra að tryggja að jafnvægi sé á milli vísinda, tækni og nýsköpunar og skal þess gætt að sjónarmið atvinnulífs komi fram í ráðinu.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna skipuðu.

3. gr.

Aðalmenn og varamenn í Rannsóknarráði Íslands skulu hafa háskólapróf eða samþæfilega menntun, hafa reynslu og þekkingu á rannsóknarstörfum og þekkingu á nýsköpun í atvinnulífi.

4. gr.

Framangreindir fundir þar sem tilnefndir skulu fulltrúar í Rannsóknarráð Íslands eru lögmætir ef 2/3 boðaðra fulltrúa sækja þá. Afl atkvæða ræður kjöri, en hlutkesti ef atkvæði falla jöfn.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. júlí 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.